

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir fógætadómi falli niður, enda verður að ætla, að fram komi kröfur um málskostnað í staðfestingarmáli.

**Því úrskurðast:**

Löghaldið skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda, og trygging til handa gerðarþola ákveðst kr. 40.000.00.

---

Föstudaginn 13. marz 1970.

Nr. 34/1970. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Sveinbirni Gíslasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Gæzluvarðhald. Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Saksóknari ríkisins hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. febrúar 1970. Síðustu skjöl málsins bárust Hæstarétti 5. þ. m. Krefst saksóknari þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt þannig, að ákærði sæti gæzluvarðhaldi, unz Hæstiréttur felli dóm í máli hans, en við uppsögu héraðsdóms í því máli hinn 13. febrúar 1970 var lýst yfir því af hálfu saksóknara, „að málinu verði skotið til Hæstaréttar“.

Ákærði krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, þar sem „saksóknara ríkisins bresti heimild að lögum til að kæra úrskurðinn“. Til vara krefst ákærði þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur með þeirri breytingu, að fellt verði niður það ákvæði úrskurðarins, að honum sé „skylt að hafast við innan lögsagnarumdæma Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkur og Kópavogs og sæta eftirliti lögreglu“. Ákærði gerir þá þrautavarakröfu, að úrskurðurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að hann

„megi einnig hafast við innan lögsagnarumdæma Hafnarfjarðar og Keflavíkur“. Loks krefst ákærði kærúmálskostnaðar.

Saksóknara ríkisins var heimil kæra samkvæmt ákvæðum 3. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 57/1962.

Eigi þykir vegna rannsóknar málsins bera brýna nauðsyn til að láta ákærða að svo stöddu sæta gæzluvarðhaldi. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Ekki eru efni til að dæma kærúmálskostnað.

### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1970.

Ár 1970, föstudaginn 13. febrúar, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í dómsal hegningarhússins.

Sveinbjörn Gíslason, Sækambi, Seltjarnarnesi, var 22. september 1969 ákærður fyrir brot gegn 211. gr. eða til vara gegn 211., sbr. 22. gr. almennra hegningarlaga svo og fyrir brot gegn 244. gr. sömu laga og gegn reglugerð 105/1936.

Í dag hefur dómur gengið í máli þessu, og var Sveinbjörn sýknaður af ákærum um brot gegn 211. gr. og gegn 211. gr., sbr. 22. gr. hegningarlaga, ákæru fyrir brotið gegn 244. gr. hegningarlaga var vísað frá dómi, en fyrir brot gegn reglugerð 105/1936 var honum dæmd 10.000 króna sekt, er telst aflánuð með 10 dögum af gæzluvarðhaldsvist. Með málið fóru þrír sakadómarmar, og stóðu tveir þeirra að nefndri niðurstöðu, Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson, en einn dómenda, dómsformaður, Þórður Björnsson yfirsakadómari, lagði til í atkvæði sínu, að Sveinbjörn yrði dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 22. gr. og 244. gr. hegningarlaga og gegn reglugerð 105/1936.

Af hálfu ákæruvalds er því yfirlýst, að málinu verði skotið til Hæstaréttar, og þess jafnframt krafizt, að framlengd verði gæzluvarðhaldsvist Sveinbjörns Gíslasonar, unz hæstaréttardómur gangi. Til vara er þess krafizt, að fyrir hann verði lagt að halda sig innan takmarka lögsagnarumdæma Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkur og Kópavogs og jafnframt sæta sérstöku

eftirliti af hálfu lögreglu, unz dómur fellur í Hæstarétti. Verði niðurstöðu dómsins um þessi efni skotið til Hæstaréttar, er þess krafizt, að Sveinbjörn sæti gæzluvarðhaldi, unz niðurstöður Hæstaréttar að því leyti liggja fyrir.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu dóms þykja ekki vera fyrir hendi skilyrði til framlengingar á gæzluvarðhaldsvist, unz hæstaréttardómur gengur. Ekki verður heldur tekin til greina krafa um framlengingu þess, unz úrlausn Hæstaréttar liggur fyrir, verði úrskurði þessum skotið til Hæstaréttar, enda virðist úrskurður um atriði sem þetta ekki sæta kæru til Hæstaréttar.

Rétt þykir að ákveða, að Sveinbirni sé skylt, unz dómur Hæstaréttar liggur fyrir, að halda sig innan takmarka áður nefndra lögsagnarumdæma og sæta lögreglu eftirliti.

Dómararnir Gunnlaugur Briem og Halldór Þorbjörnsson standa að þessari niðurstöðu.

#### Því úrskurðast:

Kröfur um framlengingu á gæzluvarðhaldi Sveinbjörns Gíslasonar verða ekki teknar til greina.

Sveinbirni Gíslasyni skal, unz dómur Hæstaréttar í máli hans liggur fyrir, vera skylt að hafast við innan lögsagnarumdæma Gullbringu- og Kjósarsýslu, Reykjavíkur og Kópavogs og sæta eftirliti lögreglu.

Dómsformaður gerði eftirfarandi grein fyrir atkvæði sínu:

„Með skírskotun til ákæru saksóknara ríkisins, sératkvæðis míns í málinu svo og til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 82/1961 tel ég, að taka ætti til greina aðalkröfu ákæruvaldsins um framlengingu á gæzluvarðhaldsvist dómpöla, Sveinbjörns Gíslasonar, þar til dómur Hæstaréttar gengur“.